

Starfsskýrsla

Skógræktarfélags Garðabæjar

2016-2017



Bæjarstjóri og stjórn undirrita samstarfssamning.

Inngangur

Skógræktarfélag Garðabæjar var stofnað 24. nóvember 1988. Félagið er félag allrar fjölskyldunnar og eru félagsmenn um 320.

Skógræktarsvæði félagsins eru; Smalaholt og Sandahlíð þau liggja norðan og austan megin að friðlandi Vífilsstaðavatns, Tjarnholt og Hádegisholt upp af Urriðavatni og svo Leirdalur við Lönguhlíð í upplandi Garðabæjar. Leirdalur hefur verið tekinn undir þjóðlendu. Einnig hefur félagið ræktað jólatré í reit í Brynjudal í Hvalfirði ásamt Skógræktarfélagi Íslands og nokkrum skógræktarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur félagið yfir að ráða landsspildu austast í landi Vífilsstaða með aðstöðu fyrir plöntur og vinnuskúr fyrir verkfæri.

Markmið félagsins er að vinna að uppbyggingu útivistarsvæða með framgangi skógræktar og trjáræktar í Garðabæ. Veita félagsmönnum fræðslu um skógrækt, trjárækt og gróðurvernd. Vinna að verndun skógarreita sem fyrir eru í bæjarlandinu og koma upp nýjum í samvinnu og samráði við bæjaryfirvöld og landeigendur.

Starfskýrsla þessi nær til tímabilsins 1. sept. 2016 til 30. september 2017.

Stjórn félagsins

Stjórn Skógræktarfélagsins skipa frá síðasta aðalfundi Skógræktarfélagsins

13. mars 2017, haldinn í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli:

Erla Bil Bjarnardóttir, formaður

Kristrún Sigurðardóttir, varaformaður

Hildigunnur Halldórsdóttir, ritari

Barbara Stanzeit, gjaldkeri

Björn Már Ólafsson, meðstjórnandi

Sigurður Sigurkarlsson, meðstjórnandi

Sigurður Þórðarson, meðstjórnandi

Varastjórn:

Heimir Sigurðsson

Einar Örn Jónsson, vefstjóri

Sigurður Hafliðason

Smári Guðmundsson

Skoðunarmenn reikninga félagsins:

Ólafur Nilsson og Helgi Hjálmsson

Varaskoðunarmaður:

Símon Ólafsson

Stjórnarmenn þiggja ekki laun fyrir vinnuframlag til félagsins.

Samstarfsamningur

Samstarfssamningur Skógræktarfélagsins við Garðabæ var endurnýjaður á aðalfundi félagsins 3. mars 2017 þegar Gunnar Einarsson bæjarstóri kom til aðalfundarins og undirritaði samninginn ásamt stjórn félagsins (sjá mynd á forsíðu). Endurnýjun samningsins var samþykkt í bæjarstjórn 2. mars 2017.

Fylgja þarf eftir við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert að samningsupphæð fylgi verðlagi svo fjárveitingin rýrni ekki of hratt. Samningurinn gerir félaginu m.a. kleift að gera verktakasamninga við fagfólk til starfa á skógræktarsvæðum félagsins.



Úr Sandahlíð, hlaupaköttur meðal leiktækja

Umhverfishópar frá bænum

Umhverfishópar bæjarins síðastliðið sumar komu að slætti á lúpínu meðfram útivistarstígum sem lokast ella ef lúpínan leggst yfir þá. Þetta vinnuframlag bæjarins hefur verið gríðarlega mikilvægt undanfarin sumur fyrir skógræktarsvæðin sem jafnframt og ekki síst, eru útivistarsvæði opinn öllum almenningi. Annað vinnuframlag umhverfishópa gat ekki orðið vegna fámennis þeirra.

Heimasíðan www.skoggb.is

Markmiðið með vefsíðu félagsins er virk upplýsingaveita fyrir félagsmenn og alla þá sem kunna að sækja hana heim. Teljum að þetta hafi tekist undanfarið ár með fréttum af félagsstarfi og myndum.



Áningastaðurinn í Furulundi í Smalaholti

Félagsstarf

Hautferð laugardaginn 4. september 2016 austur fyrir Fjall.

Jólatrjáasala 10. desember 2016, „Opinn jólaskógur“ haldið í Sandahlíð.

Myndakvöld var haldið 7. nóvember í Kirkjuhvoli. Þar sagði Sigurður Þórðarson ferðasögu og sýndi myndir úr ferð Skógræktarfélaga Íslands um Frönsku Alpanna daganna í 13.-20. september 2017. Var öllum félagsmönnum Sk.Gb. boðið ásamt ferðafélögum annarra skógræktarfélaga.

Aðalfundur félagsins 13. mars 2017 í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli. Gestur fundarins var Ólafur Njálsson frá Gróðrarstöðinni Náttuga í Ölfussi. Erindi um fjölbreytt val garð- og skógarplantna.

Brynjudalsferð þriðjudagskvöldið 27. júní, umhirða og gróðursetning í jólatrjáareit félagsins.

Barbara Stanzeit sá um að hlúa að plöntum í aðstöðu félagsins við Vífilsstaði, vökva, bera á, umpotta og gróðursetja.

Haustferð 2016

Árleg haustferð Skógræktarfélags Garðabæjar var farin laugardaginn 4. sept. heimsótt var Gróðrarstöðin Kjarr í Ölfusi, síðan ekið um Skeiðin undir góðri leiðsögn Valgerðar Auðunsdóttur frá Húsatóftum á Skeiðum. Áð við minnisvarðan í Ásthildarmýri og hlýtt á sögu staðarins. Skoðuð var Ólafsvallakirkja á Skeiðum sem skartar altaristöflu eftir Baltasar og fórum heim að Húsatóftum þar sem fræðst var um býflugnarækt. Lokaáfangi var að heimsækja félag okkar í Vaðnesi þau Guðjón og Gíslínu ásamt börnum þeirra sem tóku á móti félagsmönnum af myndarskap. Þar var margt áhugavert að skoða og heyra frá ræktunarsögu þeirra.



Frá haustferð í Gróðrarstöðinni Kjarr

Haustferð 2017

Laugardaginn 2. september síðastliðinn var farið í árlega haustferð félagsins um staði í Árnesskýrslu. Í Hveragerði heimsótt hjónin Ingibjörg og Hreinn og skoðaður skrúðgarður þeirra sem var verðlaunaður af Hveragerðisbæ í ár, að Snæfoksstöðum kynnti Böðvar Guðmundsson jólatrjáarækt Sk. Árnesinga, bændaskógrækt að Hrosshaga og ræktun fjölskyldu í landi Syðri Reykja við bústað þeirra. Ferðin var ánægjuleg að vanda.

Það er regla að gestgjöfum eru færðar plöntur fyrir móttökurnar.

Afurðir úr skóginum

Opinn skógur – Jólatrjáasala



Snjólaus jólaskógur í Sandahlíð.

Eins og fyrri ár stóð félagið fyrir „Opnum jólaskógi“ laugardaginn 10. des. þar sem fjölskyldur koma í skóginn og velja sér jólatré og fella sjálf. Boðið var upp á heitt kakó og piparkökur og skógræktarfélagar aðstoðuðu gesti við skógarhögg og að pakka trjám í net. Seldar voru um 70 stafafurur og sitkagreni úr skóginum í Sandahlíð.



Sjálfboðaliðar félagsins að pakka jólatrjám klæðast gulum vestum.

Opinn skógur er orðinn fastur liður í starfsemi félagsins enda full þörf á að grisja skóginn þar sem trén fara ört stækkandi. Garðabær keypti 10 torgtré af félaginu sem prýddu bæinn um hátíðarnar.

Hjálparsveit skáta í Garðabæ leitaði til félagsins um kaup á stafafurum fyrir jólatrjáasölu sína á Garðatorgi, merktar voru 100 stafafurur Sandahlíð sem. Hjálparsveitin sá sjálf um að fella. Þetta samstarf hefur varað í nokkur ár til að auka fjölbreytni trjáa í jólatrjáasölu á Garðatorgi

Sumarstarfið

Stjórn félagsins samþykkti tillögu formanns um að Erla Bil Bjarnardóttir sæi um starfsemi á skógræktarsvæðunum og að ekki yrði ráðinn starfskraftur til félagsins, enda hefur verið erfitt að fá fagfólk til starfa yfir sumarið til að annast skógræktarsvæðin.

Umsjón með skógræktarsvæðunum fólst aðallega í að fylgjast með svæðunum og fjarlægja rusl á áningarstöðum, slá lúpínu, vinna á skógarkerfli, fjölga stafafurum á svæðunum með gróðursetningum á Skagway kvæmi er hefur reynst vinsælt sem jólatré og umsjón með yrkjugróðursetningum grunnskóla. Semja við verktaka og eftirlit með þeim.

Farið var í árlega Brynjudalsferð í jólatrjáareitinn 27. júní. Félagar báru á og bættu í svæðið með nýgróðursetningum. Í aðstöðu félagsins við Vífilsstaði er fjöldi plantna í uppeldi sem Barbara Stanzeit hefur haft veg og vanda af. Síðar eru plönturnar gróðursettar úti á svæðin.



Glæsileg jólatré í reit Skógræktarfélagsins í Brynjudal

Skógarkerfill

Unnið var að uppræta kerfil í aðstöðu félagsins sem er í frá landi Vífilsstaða. Kerfillinn var sleginn og stunginn upp með rótum, en ekki var eitrad. Það er markmið félagsins að passa uppá að kerfill dreifist ekki úr á skógræktarsvæðin frá aðstöðunni. Einnig er fylgst með hvort sést til kerfils á svæðunum sem er auðvelt þegar hvítu blóm hans stinga upp kollinum.

Við erum bjartsýn að það náist að hemja útbreiðslu kerfilsins frá Vífilsstöðum eftir að tilraun bæjarins frá því í maí að hestar bíti og traðki svæðið þar sem kerfillinn hefur breiðst út frá.

Yrkjugróðursetningar grunnskólanna

Þátttaka grunnskóla Gardabæjar í Yrkjuverkefninu og samstarf við Skógræktarfélagið hefur alltaf verið mikilvægur liður í störfum félagsins. Þar undirbýr félagið svæði til gróðursetningar nemenda og sækir um og útvegar plöntur úr Yrkjusjóði sem frú Vigdís Finnbogadóttir stofnaði fyrir æskuna.

Það var því ánægjulegt að félaginu tókst að fá heimild til að börnin fengju að gróðursetja birkiplönturnar við Bessastaði í fyrsta skipti, á svæði við skógarreit frá forsetatíð Ásgeirs Ásgeirssonar.

Þeir skólar sem tóku þátt í Yrkjuverkefninu voru Álftanesskóli í fyrsta sinn, Hofstaðaskóli, Sjálandsskóli og Alþjóðaskólinn.



Nemendur 4. bekkja við gróðursetningu í haust á Bessastaðanesi



Nemendur 4. bekkja við gróðursetningu í Sandahlíð vorið 2017

Samstarf skógræktarfélaganna

Þátttaka og samstarf við önnur skógræktarfélög hefur alltaf verið mikilvægur liður í störfum stjórnar félagsins.

Sótt var Fagráðstefna Skógræktarinnar (áður Skógrækt ríkisins) haldin í Hörpu í Reykjavík mars 2017, þemað var „Með þekkingu ræktum við skóg“.

Samráðsfundur Skógræktarféлага á suðvestur horninu um jólatrjárækt.

Stjórnarmenn sátu aðalfund Skógræktarfélags Íslands 2017 haldin af Skógræktarfélagi Suður Þingeyinga í Stórutjarnarskóla í Þingeyjarsveit. Skógræktarfélag Garðabæjar lagði þar fram tillögu á fundinum sem var samþykkt. Tillagan lagði til að betri og opnari upplýsingar aðalstjórnar til stjórna Skógræktarfélaganna m.a. með opnun á fundargerðir aðalstjórnar.

Endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030

Félagið hefur fylgst með þróun skipulagsmála, setið íbúafundi um málið og sent inn athugasemdir við endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar og fylgt eftir málum er varða skógræktarsvæðin m.a. öflun nýrra skógræktarsvæða á fundum með Arinbirni Vilhjálmsyni skipulagsstjóra Garðabæjar.

Starfsemi á tímabili starfskýrslunnar

Fylgst með framvindu endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar.

Yrkjuverkefnið – öflun viðbótarsvæðis í Bessastaðalandi.

Nýtt stálgrill sett upp í Furulund í Smalaholti, framleitt hjá Steðja Akranesi.

Útskot fyrir fjóra bíla gert fyrir aðkomu við Hádegisholt af Elliðavatnsvegi.

Afleggjarar að Sandahlíð og Smalaholti lagfærðir með ofaníburði og bætt við útskotum til að bílar geti mæst þar.

Rannsókn mófugla á skógræktarsvæðum Smalaholti og Sandahlíð, skýrsluskil í árslok 2017. Áður kannað 2003, birt á www.gardabaer.is

Útibekkir keyptir og komið fyrir í Smalaholti til fjölgunar á bekkjum.

Útivistarkort af skógræktarsvæðunum er í endurvinnslu því fyrsta upplagið er nær búíð. Vasakortin eru aðgengileg í plastboxum í Smalaholti og Sandahlíð.

Vífilsstaðaland hönnunarsamkeppni 2017 – stjórn Skógræktarfélagsins kynnti dómnefnd afstöðu félagsins til skipulags Smalaholts í landi Vífilsstaða.

Opinn jólaskógur fyrir almenning – undirbúningur og framkvæmd.

Starfsáætlun Skógræktarfélags Garðabæjar 2017–2018

- Grisjun skógarins á umsjónarsvæðum félagsins. Grisjun samkvæmt áætlun hefst í Smalaholti haustið 2017.
- Sala jólatrjáa af svæðunum er tvíþætt, stuðlar að grisjun skóga og bíður fjölskyldum bæjarins uppá afþreyingu.
- Vinna að öflun nýrra skógræktarsvæða.
- Umhirða á svæðunum.
- Hefting lúpínu og kerfils, sérstaklega frá stígum og í trjásýnireit.
- Viðhald stíga og ofaníburður í Smalaholti og Sandahlíð.
- Umhirða trjásýnireits.
- Gerð fræðsluskilta, merkingar trjátegunda og stíga.
- Gróðursetning og íbætur innan skógræktarsvæðanna.
- Gróðursetning og umhirða í jólatrjáareit í Brynjudal.
- Endurnýja og bæta við bekkjum og borðum á áningarstöðum.
- Leggja stíga í Hádegisholt.

Fjárhagsáætlun fyrir árin 2018

Félagið stefnir á að ráða verktaka eða starfsmann sumarið 2018 til að hafa umsjón með svæðum félagsins, einnig er nauðsyn að hefja reglubundna grisjun skógræktarsvæðanna. Haldið verði áfram með stígagerð og áningastaði og þeim viðhaldið á svæðunum.

Starfskraftur/verktaki í 3-4 mánuði með bíl til umráða	kr. 1.500.000
Grisjun skógræktarsvæðanna	kr. 1.100.000
Tilfallandi vegna starfseminnar	kr. 400.000
Samtals	<u>kr. 3.000.000</u>

Samkvæmt samstarfssamningi Skógræktarfélagsins við Garðabæ ber stjórn félagsins að skila árlega starfskýrslu við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert, síðast skilað 10. október 2016.

Starfsskýrsla þessi var samþykkt á stjórnarfundum
Skógræktarfélags Garðabæjar 26. september 2017.

Garðabæ, 27. september 2017

f.h. stjórnar Skógræktarfélags Garðabæjar,

Erla Bil Bjarnardóttir, formaður

Kristrún Sigurðardóttir, varaformaður

Hildigunnur Halldórsdóttir, ritari

